

Hollvinafélag Annríkis

Fyrsti stjórnarfundur Hollvinafélags Annríkis haldinn 12.03.2021 kl. 17.15

Formaður boðaði til fundar aðal og varamenn stjórnar.

Staður: Annríki, Suðurgötu Hafnarfirði.

Fundargerð ritaði Steinunn Guðnadóttir

Mættir voru formaður Elín Jóna Traustadóttir,

Margrét Skúladóttir, Steinunn Guðnadóttir, Ásmundur Kristjánsson.

Eyrún Olsen boðaði forföll.

1. Aðalstjórn skipti með sér verkum.

Formaður: Elín Jóna Traustadóttir

Gjaldkeri: Margrét Skúladóttir

Ritari: Steinunn Guðnadóttir

Varamenn stjórnar: Ásmundur Kristjánsson og Eyrún Olsen

2. Formaður tilkynnti að stofnaðilar væru 81 félagsmaður þar af einn búsettur í Noregi.
3. Gengið frá umsókn um kennitölu og skráningu félagsins til Ríkisskattstjóra. Samþykktir félagsins undirritaðar af stjórnarmönnum. Þegar umsókn er lokið og Hollvinafélagið búið að fá kennitölu, verður bankareikningur stofnaður.
Prókúru á reikning félagsins hafa gjaldkeri og formaður.
4. Formaður kynnti einkennismerki félagsins sem hún var búin að útfæra, og voru stjórnarmenn ánægðir með þá útfærslu.
5. Formaður tilkynnti jafnframt að búið væri að stofna facebook síðu og heimasíðu félgsins www.thjodbuningur.is, sem formaður félagsins sér um.
Á heimasíðu félagsins koma fram fréttatilkynningar og fundargerðir stjórnar.
6. Rætt var um hugsanlegar upptækur á árinu. Mikilvægt að setja niður væntanlegt viðburðadagatal með 10 ára afmæli fyrirtækisins Annríkis sem hápunkti. Haft verður í huga þjóðbúningadagar hinna ýmsu þjóðbúningahópa út um landið. Stefnt að því að koma með drög að viðburðadögum á næsta fundi stjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið 18.30